

Nd.

590. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um verkamannabústaði.

Frá Jóni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Stofna skal byggingarsjóði í kaupstöðum og kaupúnum til þess að lána til íbúðarhúsabygginga, samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því, að dómi 5 manna nefndar í kaupstöðum og 3 manna nefndar í kaupúnum, að þörf sje slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.

2. Við 5. gr.

a. Fyrir »5000 kr.« í 3. tölulið (báðum tilfellum) komi: 3500 kr.

b. Í stað orðanna í upphafi 4. töluliðs »að íbúðirnar sjeu faltar fjelagsmönnum til kaups« komi: að íbúðirnar sjeu seldar fjelagsmönnum.

3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmýndaruppdrætti að húsum fjelagsmanna, bæði sjerbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfjölög. Sömu leiðis setur hún, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, örugt eftirlit með framkvæmdum byggingarfjelaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.